

Skipulagsnefnd Garðabæjar - 7 (30.3.2016) - Kauptún 2 og 3, breyting á dsk Kauptúns.

Málsnúmer : 1511026
Málsaðili : THG arkitektar
Niðurstaða (stutt) :
Fundardagur : 30.03.2016

Inngangur :

Niðurstaða : Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Kauptúns. Kynning tillögunnar fór fram frá 1.febrúar til 14.mars. Tvö athugasemdabréf hafa borist og þau lögð fram. Lögð fram greinargerð unnin á vegum skipulagsstjóra þar sem lagðar eru fram tillögur að viðbrögðum við athugasemdum og svör við þeim. Skipulagsnefnd samþykkir tillöguna með þeim lagfæringum sem lagðar eru til í greinargerð í samræmi við 2.mgr. 41.gr. Skipulagslaga. Baldur Ó. Svavarsson sat hjá við afgreiðslu tillögunnar og lagði fram eftirfarandi bókun fyrir hönd Bjartrar Framtíðar: „Björt framtíð vill ítreka fyrri athugasemdir sínar við framlagðar tillögur að breytingum deili- og aðalskipulags Kauptúns. Athugasemdirnar snúa að þeim breytingum sem fyrirhugaðar eru á útliti og yfirbragði hverfisins sem versnar til muna auk þess afsláttar sem gefinn er á fyrri áherslum um vistvæna hugsun og umhverfisleg gæði.“